

Ágæta sveitarstjórn,

Ég þakka nokkuð hraða afgreiðslu á umsókn minni um skógrækt á Hóli, þó ég sé eðlilega ekki sáttur við niðurstöðuna. Því þótt þetta sé kallað frestun þýðir það í raun höfnun fyrir mig, a.m.k. er útilokað að ég komist að í skógræktarþrógramm skógræktarinnar á þessu ári af þessum sökum. Upphaflega ætlaði ég að sækja um fyrir rúmu ári en var þá bent á að sveitarstjórn myndi varla samþykkja hana nema fyrir lægi úttekt út frá viðmiðum um flokkun landsbúnaðarlands. Ég kynnti mér því hvaða viðmið önnur sveitarfélög hafa notað í þessu efni og vann svo ítarlega úttekt á fyrirhuguðu skógræktarlandi, sem skilað var í greinargerð með umsókninni. Jafnframt hafði ég flutt lögheimili mitt á jörðina frá 1. Janúar 2019, en samkvæmt reglugerð nr 285/2015 um landhlutaverkefni í skógrækt er það heimilt viðmið varðandi forgangsörðun umsókna. Hvorugt þessara atriða virðist hafa verið metið við afgreiðslu málsins.

Því ber að fagna að nú ætla Dalabyggð að láta gera skýrslu um flokkun landbúnaðarlands, og eðlilegt að taka mið af því varðandi skógræktaráform. Ef land í Dalabyggð verður flokkað með líkum hætti og önnur sveitarfélög hafa gert til þessa, og viðmið varðandi afgreiðslu umsókna verður byggð á sviðuðum efnisatriðum, þá er engin ástæða eða rök til staðar, sem ættu að hindra tafarlausa afgreiðslu á umsókn minni. Ef sveitarstjórn ætla sér hins vegar að hafa hér allt önnur viðmið og harðari stefnu gegn skógrækt en önnur sveitarfélög þá er það verulega vont mál og mikilvægt að það komi sem fyrst skýrt fram.

Ég geri þó ráð fyrir að flokkunin fyrir Dalabyggð verði gerð með svipuðum hætti og notuð sömu viðmið (þ.e. flokkaskilgreiningar) og önnur sveitarfélög hafa notað, sem þegar hafa ráðist í slíkt, en þ.á.m. eru Kjósarhreppur, Flóahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Í aðalskipulagstillögu síðastnefnda sveitarfélagsins er ákveðið að samfellda skógrækt skuli ekki stunda á landbúnaðarland í flokki I eða II, og að samfelld skógrækt, sem er 10 ha eða stærri, þurfi framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Hér vil ég ítreka að ekkert af fyrirhuguðu skógræktarlandi á Hóli telst til flokks I og heldur ekkert (eða a.m.k. afar lítið) til flokks II, og fellur því t.d. algerlega að þessari stefnu sem Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur mótað.

Við nýlega samþykktar breytingar á Aðalskipulagi hafa t.a.m. Grýtubakkahreppur og Hörgársveit sett inn almenn viðmið í samræmi við Landsskipulagsstefnu, sem er m.a. að „flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum“ og t.d. „Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar. Þetta er nákvæmlega það sem ég gerði í minni umsókn og mjög svo ítarlega.

Þær skýrslur, sem liggja fyrir um flokkun landbúnaðarlands eru allar mjög keimlíkar (um 80-90% copy-paste) og verður að segjast eins og er, frekar yfirborðskenndar, enda kannski ekki við öðru að búast – annars væru menn að fara í mikla vinnu. Meginatriðin felast í því að reynt er að meta hve mikið land sveitarfélags falli í skilgreinda flokka. Af þeim niðurstöðum að dæma og m.a. út frá fram kominni stefnu

Skeiða- og Gnúpverjahrepps þá má gera ráð fyrir að stefna sveitarfélaga verði almennt sú að banna alfarið skógrækt á landi í flokki I og einnig að miklu leyti líka á landi í flokki II. Þó verða alltaf e.h. svæði innan flokks II þar sem skógrækt verði leyfð. Meginreglan verður samt sú að skógrækt skuli f.o.f. stunduð á landi í flokki III og IV. Miklar upplýsingar liggja fyrir um landkosti og gróður í Dalabyggð og því verður frekar einfalt og fljótlegt að skilgreina land sveitarfélagsins í þessa fjóra flokka. Þetta liggur nánast þegar fyrir, t.d. í skýrsumni „Dalabyggð, stöðumat og framtíðarsýn“ (Nýsir 1998). Samanborðið við landið allt er Dalabyggð frekar láglent, þ.e. 72% er undir 400 m.y.s. en er 42% fyrir landið allt. Auk þess er 73% af landi undir 400 m.y.s. vel eða allvel gróið. Ekkert annað sveitarfélag í landinu hefur því yfir að ráða hlutfallslega sambærilega miklu landflæmi af vel grónu landi, alls um 1.525 km², eða um 6,6% af öllu vel grónu landi Íslands. Gera má ráð fyrir að nánast allt (gefum okkur hér 80%) af vel og allvel grónu landi Dalabyggðar undir 200 m.y.s. falli í flokka I eða II, en það er þá um 340 km² eða 14 % af öllu landi sveitarfélagsins. Yfirlit fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Kjósarhrepp og Flóahrepp er tekið saman í meðfylgjandi töflu og borið saman við hvernig er líklegt að flokkunin komi út fyrir Dalabyggð. Flóahreppur sker sig úr enda er hann bara flatlendi og nánast allt undir 80 m.y.s. Af fjallendum sveitarfélögum er því líklegt að Dalabyggð muni eiga eitthvert hæsta hlutfall landsins í flokki I og II.

Flokkun lands	I + II, ha	I + II, %	III, ha	IV, ha	Samtals, km ²
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	6.010	2,7 %	6.760	207.900	2.230
Kjósarhreppur	1.850	6,5 %	3.000	23.500	284
Flóahreppur	9.300	32,1%	13.000	6.700	290
Dalabyggð – líkleg flokkun	34.000	14 %	40.000	168.100	2.421

Auk þessara atriða, sem varða flokkun landsins, þá tel ég einnig að verulegur vafi leiki á því að „frestun“ afgreiðslu máls á þessum forsendum sé lögmæt aðgerð og hef því jafnframt sent Umboðsmanni Alþingis erindi og óskað álits hans á málinu. Ég er því með þessu bréfi, sem og með erindinu til Umboðsmanns, að koma á framfæri alvarlegri gagnrýni á stefnu og vinnubrögð sveitarstjórnar í þessu máli og tel hana vera ámælisverða og á miklum villigötum með því að amast við skógrækt með þessum hætti.

Samt sem áður þá deili ég áhyggjum ykkar og annara á alvarlegum og viðvarandi vanda sveitarfélagsins varðandi dapra þróun í atvinnumálum og fólksfækkun, sem leiðir þar af. Ég veit að hvert skógræktarverkefni bætir kannski ekki miklu við atvinnu til skamms tíma litið, en er sannfærður um að skógræktin muni skila margvíslegum gæðum og atvinnu í framtíðinni. Ég hef mikla reynslu og þekkingu af nýsköpun og uppbyggingu lítilla fyrirtækja, og starfa núna dálítið við ráðgjöf á því sviði. Þó ég vilji síst tala niður sauðfjárræktina, og tel sjálfsagt að reyna að styðja hana og leita allra leiða til að auka verðmætasköpun í þeirri grein, þá held ég að framtíðin liggi á öðrum vettvangi.

Ég tel mig líka bera hag sveitarfélagsins fyrir brjósti og vil gjarnan leggja mitt lóð á þá vogarskál, ef slíkt gæti komið að gagni. Í fljótu bragði finnst mér blasa við að stóru tækifærin í atvinnumálum Dalabyggðar tengist fyrst og fremst þróun í ferðaþjónustu og svo í orkuvinnslu og orkutengdum iðnaði.

Að lokum læt ég gagnrýni mína fylgja hér með í bundnu máli með von um að það styrki málstaðinn.

Með von um gott samstarf í framtíðinni,

Virðingarfyllst,

Jakob K. Kristjánsson

Hóli

S. 664-7900

Tölvupóstur, jakob.heima@gmail.com

Barátta skógarbóndans

Skógi vildi land mitt skryða
en skipulagið ekkert er
og afneitunarsinnar engu hlýða
ekki veit ég hvernig fer

Stjórnin sveitar, Dalasýslu
stendur föst á sínu
Yfir metra enga hríslu
vilja sjá, á landi mínu

Paulsetnir með þandar taugar,
þeir sífelld streða við,
að endurselja aftur Laugar
upptekið er þeirra lið

Dreymir enn um forna tíma
æðsta meta sveitartryggð
eru enn á móti síma
en sífelld Dalar byggð

Ákveðnir að sitja annan vetur
og berjast enn við tré
þeir bíða bara að bjóði betur
hann Bjarni, til að fækka fé

Ætla mikið verk að vinna
yfir þorra og Góu
meðan hann Mummi er að tvinna
Mörkina, í friðland fyrir fugl og tóu

Vítt um Dali vindar blása
vekur stjórn af værum blundi
Spaðarellur stórar mása
en enga vilja skógarlundi

Af ríkisjötu blítt þeir bita þiggja
og biðja einatt meira um
En ríkisaura kyrrt þeir láta liggja
þá loforð tengist skóginum

Nú er best að bæta ráð
því bullið komið nóg
ekki bara elta þennan þráð
og þumbast við að banna skóg

Áður miklir skógar skryddu
Dali fagra á Sturlu öld
Menn og skepnur niður níddu
nú ríkir norðanáttin köld

Aftur verða vaxin tré
sem verja munu fé
Biðjum nú um betra skjól
blítt þá undir Dala sól